Aukaársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2026

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var haldinn mánudaginn 16. nóvember 2026 kl. 12:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Sölva Sölvason, lögmann hjá lífeyrissjóðnum, sem fundarstjóra og um Ásu Kristínu Óskarsdóttur, lögmann hjá lífeyrissjóðnum, sem fundarritara. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði grein fyrir boðun fundarins.

Stjórn sjóðsins ákvað hinn 29. október síðastliðinn að boða til þessa aukaársfundar. Sama dag var fulltrúum aðildarsamtaka sjóðsins í fulltrúaráði sent skriflegt fundarboð. Fundurinn var jafnframt auglýstur á heimasíðu sjóðsins og kynntur með fréttatilkynningu sem birtist í fjölmiðlum hinn 29. október 2026. Auglýsing um fundinn var síðan flutt á Rás 1 og Rás 2 Ríkisútvarpsins hinn 31. október 2026. Boðun fundarins fór samkvæmt þessu fram í samræmi við samþykktir sjóðsins og innan þess frests sem þær mæla fyrir um. Jafnframt fellur málefni fundarins undir þau málefni sem heimilt er að fjalla um á ársfundi sjóðsins.

Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmætan og ályktunarbæran og bauð fundarmönnum að gera athugasemdir við boðun fundarins, lögmæti hans og framlagða dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og var því gengið til dagskrár.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og gaf framkvæmdastjóra orðið.

Guðmundur Þór Þórhallsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir tilurð og tilgang fyrirhugaðrar nafnabreytingar og bauð að því loknu Kolbrúnu Silju Ásgeirsdóttur, markaðsstjóra sjóðsins, orðið. Kolbrún fór yfir aðdraganda þess að ráðist var í breytingu á nafni sjóðsins og fjallaði jafnframt um nýtt myndmerki sjóðsins.

Að loknu erindi Kolbrúnar tók fundarstjóri aftur við fundarstjórn og var gengið til dagskrár.

1. **Breyting á samþykktum sjóðsins: Nafn sjóðsins og heimili**

Fundarstjóri gerði grein fyrir báðum tillögum að breytingu á samþykktum, annars vegar breytingu á heiti sjóðsins og hins vegar gildistökuákvæði. Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um dagskrárliðinn.

Tveir fundarmenn tóku til máls. Sá fyrri, Jóhann, hrósaði vinnunni og sýndi vandamálinu taldi góð rök fyrir breytingu á nafni en gerði athugasemd við að nafn sjóðsins væri sagnorð. Sá síðari lýsti yfir ánægju með að valið hefði verið íslenskt orð sem heiti sjóðsins.

Fullgild rafræn undirskrift
ÁSA KRISTÍN ÓSKARSDÓTTIR
Kennitala: 221175-4099
2026-11-17 11:20:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SÖLVI SÖLVASON
Kennitala: 051063-3259
2026-11-17 11:36:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Kolbrún, markaðsstjóri sjóðsins, kvaddi sér hljóðs og fór yfir það að góðir ráðgjafar hefðu komið að vinnunni við val á nafni sjóðsins. Tillagan að nafninu hefði komið frá Braga Valdimar Skúlasyni, íslenskufræðingi hjá Brandenburg, Algengt væri að nafnháttur sagnar væri gerður að sérnafni með þessum hætti og yrði fljótt að venjast. Heitið væri þjált og stutt og beint framhald af fyrra nafni sjóðsins.

Fundarstjóri hélt áfram með dagskrána og tillaga um breytingu á samþykktum sjóðsins var borin til atkvæða í fulltrúaráði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Enginn sat hjá.

2. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá og undirrita fundargerð fundarins.

Fundi slitið kl. 12:25.

Sölvi Sölvason
Fundarstjóri

Ása Kristín Óskarsdóttir
Fundarritari